

Prestarnir dafna vel

Written by aki
Sunday, 18 June 2006 13:30

Krummarnir Brynjólfur biskup og Séra Páll dafna vel og þeir eru ennþá hafðir innandyrá. Í morgun voru þeir baðaðir og skipt um laup hjá þeim sem er meira í líkingu við alvöru laup en sá sem þeir hafa verið í frá því þeir komu til okkar þann 2. júní. Þeir voru hæstánægðir eftir baðið og það kurraði í þeim af ánægju á eftir. Meðfylgjandi mynd er af séra Páli eftir baðið í nýja laupnum sínum. Við gerum ráð fyrir því að þeir verði farnir að vera úti eftir um það bil hálfan mánuð. Um leið byrja þeir að æfa ýmsar kúnstir og læra á lífið.



Séra Páll er stærri en Brynjólfur biskup